

Sveitarfélagið Árborg
Sigurðar Andrés Þorvarðarson
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík 23. október 2020
UST202010-099/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi 2010 - 2030 og nýtt deiliskipulag - Hreinsistöð við Geitanes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010 – 2030 vegna hreinsistöðvar við Geitanes á Selfossi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að iðnaðarsvæðið s30 við Geitanes stækkar til vesturs og opið svæði til sérstakra nota, ú2, minnkar sem því nemur en fyrirhugað er að reisa tveggja þrepa hreinsistöð með útrás í Ölfusá.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn vegna frummatsskýrslu verkefnisins til Skipulagsstofnunar dags. 21. febrúar sl.

Seyra

Í greinargerð kemur fram að sveitarfélagið mun koma seyrú í viðurkenndan farveg sem samræmist gildandi lögum og reglugerð um fráveitur og skólp og reglugerð um meðhöndlun seyrú. Auk þess kemur fram að á þessu stigi hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvaða leið verður farin, þ.e. hvort hún verði notuð til gasframleiðslu eða uppgræðslu eða fargað á viðurkenndri förgunarstöð. Einnig kemur fram í gildandi aðalskipulagi að öll seyra frá hreinsistöð verði endurnýtt fyrir árslok 2025.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar varðandi meðhöndlun seyrú til að hægt sé að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt aðgerðaráætlun í loftlagsmálum, aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030, verður bannað að urða seyrú frá og með árinu 2023.

Samlegðaráhrif

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að reisa tveggja þrepa fráveituhreinsistöð sem mun þjóna þéttbýlinu á Selfossi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hvort stöðin muni einnig þjónusta þéttbýlið norðan Ölfusár og hvort fyrirhuguð stöð muni taka við skólpi frá MS og Sláturvinnslunni.


Tímasetningar og umhverfisáhrif

Samkvæmt frummatsskýrslu verkefnisins er ætlunin að ráðast í framkvæmdina í tveimur áföngum og byrja á að setja upp eins þreps hreinsun. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu mun sveitarfélagið ráðast í tveggja þrepa hreinsun strax og gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið 2023. Stofnunin tekur undir mikilvægi þess að farið verði sem fyrst í fulla hreinsun á frárennslisvatni frá Selfossi og telur stofnunin mikilvægt að tímasett áætlun sé sett fram í tillögunni.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur